

## 29. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 7. nóvember 2001 kl. 18:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru Gretar D. Pálsson, formaður, Sigurþór Guðmundsson, Páll Hjaltalín, Pálmi Ólafsson og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Frístundabyggð.  
Rætt var um tillögu að bygginga- og samningsskilmálum og ákveðið að skoða framlögð drög nánar.  
Nefndin bendir á að með þessu er gengið verulega á svæði sem frístundabúskapur er nú stundaður á.
2. Hjallatangi 8.  
Sigurjón Jónsson, f.h. Skipavíkur hf. sækir um leyfi til að byggja einbýlishús samkvæmt teikningum Sigurjóns Jónssonar, tæknifræðings Stykkishólmi.  
Stærð 162 m<sup>2</sup> og 565 m<sup>3</sup>. Samþykkt og kóti settur 11,60.
3. Aðalgata 1.  
Framlagðar teikningar eftir Jón Nordsteien, arkitekt að breytingum Tang&Riis. Samþykkt.
4. Bátasafn.  
Framlagðar hugmyndir og skissur Árna Páls Jóhannssonar, hönnuðar af bátasafni í Stykkishólmi. Nefndinni þykja hugmyndirnar athygliverðar.
5. Lágholt 21.  
Magnús Kristjánsson, sækir um leyfi til breytinga á útliti húss og bílgeymslu sbr. bréf og teikningu mótt. 22.10.01.  
1. og 2. liður sólpallur og útgöngudyr samþykkt.  
3. liður bárujárnsklæðning á bílskúr er hafnað. Umsækjanda er bent á önnur klæðningaefni sem falla betur að húsinu.
6. Gámastaðsetning.  
Rætt var um staðsetningu gáma og hvar þeim verði best fyrir komið.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:25.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),  
Gretar D. Pálsson (sign.),  
Sigurþór Guðmundsson (sign.),  
Pálmi Ólafsson (sign.),  
Páll J. Hjaltalín (sign.).

Íhs.